

Ed.

481. Frumvarp til laga

[67. mál]

um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin starfrækir tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglu-
firði. Nafn fyrirtækisins er Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Verkefni Tunnuverksmiðja ríkisins er að annast smíði á tunnum fyrir salt-
sildarframleiðslu, saltkjötsframleiðslu og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem
henta þykir.

3. gr.

Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem sildarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar
í Tunnuverksmiðjum ríkisins, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við
milliríkjasamninga. Leitast skal við að vanda framleiðslu verksmiðjanna og gera hana
samkeppnisfæra við erlenda framleiðslu um verð og gæði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurbæta verksmiðjurnar og búa þær húsa- og
vélakosti, svo að fullnægt verði ákvæðum 3. gr. Nær heimild þessi til þess að byggja
tunnugeymsluskýli við verksmiðjuna á Akureyri, er rúmi allt að 50 þús. tunnum, og
einnig til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á verksmiðjuhúsinu.

5. gr.

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í
1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja þriðju verksmiðjuna á Austur-
eða Norðausturlandi.

6. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af ákvæðum 4. og 5. gr., heimilast ríkisstjórninni
að taka lán, allt að 5 milljónum króna.

7. gr.

Sildarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74 29. des. 1934, annast allar framkvæmdir sam-
kvæmt lögum þessum og hefur á hendi stjórn verksmiðjanna.

8. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með
reglugerð.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði,
og lög nr. 41 9. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.